

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 98 28. febrúar 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## **GJALDSKRÁ**

### **Hitaveitu Seltjarnarness.**

#### **I. KAFLI**

##### **1. gr.**

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

##### **2. gr.**

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætlað má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

##### **3. gr.**

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuðina, sem hús er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal biðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. des. ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

#### **II. KAFLI**

##### **4. gr.**

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald, kr. 49,70 á mánuði fyrir hvern hemil.
- b. Vatnsgjald, kr. 208,00 á mánuði fyrir hvern mínútúlitra á hámarksstillingu hemils.

## 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

## 6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Kr.

Gjald á heimæð — grunngjald ..... 21 800,00

Rúmmál húss:  
(utanmál)

0—300 m<sup>3</sup> innif. í grunngjaldi .....

300—1000 m<sup>3</sup> kr./m<sup>3</sup> ..... 25,90

1000 m<sup>3</sup> og yfir kr./m<sup>3</sup> ..... 17,50

1 aðrennslisemill á grind ..... 5 690,00

## 7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

## 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimild að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynn með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 343,00 í hvert skipti.

## 11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenærsem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 99 28. febrúar 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*